

Ár 2002, mánudaginn 6. maí, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Hallveigarstíg 1, Reykjavík

Fyrir var tekið:

**Mál nr. 8/2001**

**Sigurjónsson&Thor ehf.  
f.h. Hyun Laboratory  
Co., Ltd.**

**gegn**

**Einkaleyfastofunni**

**vegna**

**einkaleyfisumsóknar nr.  
4287 dags. 12.5.1995  
“Rafalar”**

Kveðinn var upp svofelldur

*ú r s k u r ð u r:*

Með bréfi, dags. 7. nóvember 2001 skaut Sigurjónsson&Thor ehf. f.h. Hyun Laboratory Co., Ltd., til áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, ákvörðun Einkaleyfastofunnar (ELS), dags. 11. september 2001, um að hafna veitingu einkaleyfis skv. umsókn nr. 4287.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun Einkaleyfastofunnar verði hrundið og umsókninni vísað til löglegrar meðferðar hjá Einkaleyfastofunni.

I

Málavextir eru þeir að þann 12. maí 1995 lagði áfrýjandi inn umsókn sína hjá ELS um einkaleyfi á rafali. Í ágripi sem liggur aðeins fyrir á ensku segir að um sé að ræða: “*A generator capable of providing a constant supply of electric energy without damaging natural environment. The generator can be made compact and comprises a primary winding which produces a traveling magnetic field in addition to an alternating field and a secondary winding interlinked to the alternating field and traveling magnetic field set up by the primary winding*”. Kröfur umsækjanda samkvæmt umsókninni voru 16 talsins, sbr. fylgiskjal 1 sem eru upphaflegar kröfur í enskri þýðingu en ekki liggur fyrir íslensk þýðing á þeim.

Umsóknin var send til dönsku einkaleyfastofnunarinnar, Patentdirektoratet (PD) til rannsóknar á einkaleyfishæfi og nýnæmi uppfinningarinnar þann 12. október 1995. Niðurstaða þeirrar rannsóknar barst ELS með bréfi dags. 12. febrúar 1996 og var kynnt áfrýjanda með bréfi dags. 7. október 1996. Þar kom fram að PD taldi að ekki væri unnt að veita einkaleyfi á grundvelli umsóknarinnar þar sem efni hennar væri ekki uppfinning í skilningi einkaleyfalaga. PD hélt fram að sótt væri um einkaleyfi á eilífðarvél, þ.e. að búnaðurinn skilaði af sér meiri orku en tilfærð væri til hans. Slíkt væri ekki hægt samkvæmt þeim náttúrulögum sem þekkt væru í dag. Einungis væri hægt að umbreyta orku, ekki skapa orku. Ef vél ætti að skila orku eða afli yrði að tilfæra til hennar a.m.k. jafnmikilli orku og hún skilaði. Þar sem það væri ekki tilfellið með vél áfrýjanda þá væri það álit PD að hún ynni ekki eins og áfrýjandi tilgreindi. Til þess að um uppfinningu gæti verið að ræða í skilningi einkaleyfalaganna þyrfti tæknin að vera nýtanleg og mögulegt að hagnýta hana í atvinnuskyni. (ath. RT: *það hugtak notað í ísl. lögunum fremur en” í iðnaði” eins og í dönsku lögunum, sbr. aths. með frv. til ell.*) Það væri ekki tilfellið með vél áfrýjanda og því félli hún utan þess sem væri einkaleyfishæft. Að lokum sagði í niðurstöðum PD að: “... í vélinni mun myndast íspenna útfrá riðsviðinu og segulsviðinu sem snýst. Skýring yðar, að íspennan svari til summunnar af hinum tveim íspennum ... sem myndast af riðsviðinu og segulsviðinu sem snýst, að frádregnu tapi í vélinni, er ekki rétt. Íspennan mun svara til þeirrar orku sem er tilfærð að frádregnu ofnanefndu tapi.” ELS tók undir álit PD í öllum atriðum í bréfi sínu og gaf áfrýjanda 8 mánaða frest til að koma með athugasemdir. Fresturinn var framlengdur tvisvar sinnum.

Greinargerð áfrýjanda dags. 7. ágúst 1997 barst í enskri þýðingu ásamt enskri þýðingu á niðurstöðum úr prófunum hjá Japan Electric Meter Inspection Corporation (JEMIC). Í greinargerð áfrýjanda segir: “ *The Patent Office has commented that increase in energy is impossible and that there exists no perpetual motion at the present time. Indeed we know well that, but the article of our invention apparently shows an increase in energy, that is shows the generation of energy greater than fed energy. In this invention article, the machine is driven by initially inputted energy, yields an output, and feeds back the output to the input side, in which way the machine will continue to operate even if the input is cut off. This means a very perpetual motion. It would be an error to deduce that a perpetual motion is impossible to make because it cannot be made by present-day natural laws and sciences. Couldn't it be an invention and a patent to develop an article that has never existed? Our machine, indeed involving loss, but generates energy more than the loss.*” Niðurstöður japönsku stofnunarinnar JEMIC skv. vottorði þeirra voru að skv. mælingum þeirra dags. 24. desember 1996 skilaði vélin frá sér meiri orku en tilfærð var til hennar.

Umsóknin var send í 2. rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi til PD þann 20. júlí 1999. Niðurstöður þeirrar rannsóknar bárust ELS með bréfi dags. 17. ágúst 1999 og voru kynntar umboðsmanni áfrýjanda með bréfi dags. 6. september 1999. Eftir sem áður var PD á því að umsóknin gæti ekki leitt til einkaleyfis. Um niðurstöður mælingar japönsku stofnunarinnar sögðu þeir í lauslegri þýðingu ELS:

“Samanber skýrsluna þá er notað við aflælinguna 2-aflmælisáðferðin eða hin svokallaða “Aronkobling” sem í flestum tilfellum mælir rétt á þriggjafasa neti án núllstraums. Uppstilling mælinga skal vera eftir venjum til að fá réttar mæliniðurstöður. Í mæliskýrslunni lið 3 er nefnt, að annar wattmælirinn sýndi negatívt mæligildi, sem getur réttilega komið fram með þessari mæliuppstillingu við vissar fasatilfærslur milli straums og spennu. Með því að skipta út spennuspóluspennunni (spændingsspolespændigen) til wattmælisins þá skal gildi frá wattmælinum eftirleiðis reiknast með negatívu formerki. Því verður niðurstaðan að áliti PD eftirfarandi:

$$\begin{aligned} \text{Innsett} \quad W1 + W2 &= 87,8 \text{ W} \\ W3 + W4 &= 51,6 \text{ W} \end{aligned}$$

$$\text{Úttekið} \quad -W5 + W6 = 51,1 \text{ W}$$

Þar sem þéttirinn getur ekki sjálfur lagt til nokkra orku þá kemur mismunurinn 0,5 W milli innsetts og úttekins afsl rafalsins fram sem tap í kerfinu. Það er því ekki um að ræða að vélin gefi frá sér meira afl en sett er inn.”

Að lokum vísaði PD til fyrri greinargerðar sinnar dags. 12. febrúar 1996. ELS tók undir athugasemdir PD í öllum atriðum og gaf áfrýjanda 8 mánaða frest til að koma með athugasemdir.

Stutt greinargerð barst frá áfrýjanda dags. 2. maí 2000 í enskri þýðingu. Þar segir orðrétt: “The Examination of the Patent Office interprets the contents of the report (JEMIC), which we submitted as follows. Input:  $w1+w2=87.8W$   $w3+w4=51.6W$ , output:  $-w3+w4=51.6W$   $w3+w4=51.6W$   $51.6W$  is not input with the electric power which a load consumes. The amount of total generating electricity is  $w5+w6=165.6W$   $A+176.7V$   $A=342.3V$   $A$ . It is output. And, the rotation power as a motor of this generator is not in this output. Output grows bigger when that advantage is added.

Þann 12. október 2000 var umsóknin send í þriðju rannsóknina á nýnæmi og einkaleyfishæfi. Niðurstöður þeirrar rannsóknar bárust með bréfi PD dags. 19. október 2000 og voru kynntar áfrýjanda með bréfi dags. 26. október 2000. Afstaða PD var enn sú að það sem sótt væri um einkaleyfi á væri ekki uppfinning í skilningi einkaleyfalaganna. Um greinargerð áfrýjanda dags. 2. maí 2000 sögðu þeir í lauslegri þýðingu ELS: “

“Tölurnar sem þér hafið lagt saman,  $W5 + W6 = 354,6$  eru í skýrslunni frá “Technology Counsel” gefin upp sem “apparent power (VA)”. VA er einungis summa rafspennu og rafstraumi án tillits til fasamunar og gefur því ekki til kynna raunafl, sem er sambærilegt við tölurnar í dálki (W) í japönsku skýrslunni. Orkureikningur sá sem PVS (lesist PD – innskot áfrýjunarnefndar) setti upp í bréfi sínu frá 17. ágúst 1999

$$\text{Input} \quad W1 + W2 = 87,8 \text{ W}$$

$$W3 + W4 = 51,6 W$$

Output  $-W5 + W6 = 51,1 W$

*er því í fullu samræmi við japönsku skýrsluna og sýnir, að ekki er um að ræða að vélbúnaður yðar gefi meira afl af sér en sett er inn, eins og þér gerið ráð fyrir. Vélbúnaður yðar fellur því utan ramma þess, sem telst hæft til einkaleyfis.”*

Að lokum vísaði PD til fyrri greinargerða sinna. ELS tók undir athugasemdir PD í öllum atriðum og gaf áfrýjanda 8 mánaða frest til að koma með athugasemdir.

Aftur barst stutt greinargerð frá áfrýjanda á ensku dags. 28. maí 2001. Þar sagði:

*“It varies in the interpretation of the report of JEMIC submitted before according to the Patent Office and us. The Examination of the Patent Office interprets the contents of the report (JEMIC), which we submitted as follows. Input  $W1 + W2 = 87,8 W$ ,  $W3 + W4 = 51,6 W$ , output  $-W5 + W6 = 51,1 W$ . It was indicated of a minus “-w5”, because the power factor was low. The power factor is adjustable by changing the capacity of the condenser. It is ideal to make  $\cos O=1$  by the condenser. All VA can be changed completely into W by adjusting the capacity of the condenser. The numerical value of VA of the output seen obviously that output is bigger than input.”*

## II

Þann 11. september 2001 hafnaði ELS umsókninni með vísan í 16 gr. 1. nr. 17/1991 um einkaleyfi (ell.). Rökstuðningur ELS í hinni áfrýjuðu ákvörðun var að umsóknin væri ekki einkaleyfishæf þar sem það sem sótt væri um einkaleyfi á teldist ekki til uppfinningar í skilningi einkaleyfalaga. ELS sagði að áfrýjandi héldi fram að búnaður sá sem hann sótti um einkaleyfi á skilaði meiri orku frá sér en hann tæki til sín. Slíkur búnaður félli undir hugtakið “eilífðarvél”, en skv. þeim náttúrulögmálum sem þekkt væru í dag, væri ekki mögulegt að byggja slíkan búnað vegna þess að ekki sé hægt að skapa orku, heldur einungis umbreyta henni. Ennfremur vísaði ELS í fyrri bréf sín í málinu.

## III

Umboðsmaður áfrýjanda lagði inn greinargerð til áfrýjunarnefndar ásamt fylgiskjölum dags. 1. nóvember 2001. Þar heldur hann því fram að uppfinning sú sem lýst er í grunngögnum umsóknarinnar uppfylli skilyrði ell. um einkaleyfishæfi. Umboðsmaður áfrýjanda vísar í greinargerðir áfrýjanda sem sendar voru til ELS varðandi rök fyrir veitingu einkaleyfis og fer fram á að áfrýjunarnefndin endurskoði ákvörðun ELS með tilliti til þeirra raka. Ennfremur segir umboðsmaðurinn að áfrýjunin byggji á því að skv. niðurstöðum tilrauna dags. 19. september 2001 þá virki rafallinn skv. uppfinningunni. Því sé það ekki rétt að sem haldið sé fram í bréfi ELS dags. 11. september 2001 að ekki sé mögulegt að framleiða slíkan búnað. Höfnunin sé því ekki lögum samkvæm. Jafnframt sé það galli á málsmeðferð ELS að áfrýjandi hafi aldrei verið upplýstur um

það á hvaða lagaákvæði höfnunin byggist. Að lokum segir umboðsmaður áfrýjanda að skv. 1. mgr. 1. gr. ell. þá eigi uppfinningamaður rétt á því að fá einkaleyfi skv. lögnum ef skilyrði þeirra eru uppfyllt. Hann heldur því fram að ELS hafi ekki rökstutt þá niðurstöðu að uppfinningin uppfylli ekki skilyrði laganna. Áfrýjandi hafi því ekki hugmynd um forsendur fyrir höfnun sem sé brot á 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993

#### IV

Einkaleyfastofan skilaði inn greinargerð til áfrýjunarnefndarinnar dags. 14. febrúar 2002. Þar kemur fram að stofnunin telur að efnislegar forsendur höfnunarinnar hafi verið mjög vel rökstuddar í þeim greinargerðum stofnunarinnar sem komu í kjölfar þeirra þriggja rannsókna sem umsóknin var send í. Áfrýjandi hafi gefist kostur í hvert sinn að koma með athugasemdir og í þeim athugasemdum hafi aldrei komið fram að honum hafi ekki verið ljóst á hvaða grundvelli einkaleyfisfyrirvöld hafi talið uppfinninguna óeinkaleyfishæfa. Stofnunin segir að það sé ótvírætt á hvaða grunni umsókninni hafi verið hafnað þó svo að niðurstaðan hafi ekki verið heimfærð til ákveðinnar greinar einkaleyfalaganna. Tekið er fram að það sé grundvallarskilyrði fyrir veitingu einkaleyfis að sýnt sé fram á það í gögnum málsins að uppfinningin hafi tæknileg áhrif. Í einkaleyfagögnum þurfi þetta að koma fram og sýna þurfi hvernig eigi að ná markmiðinu með uppfinningunni. Í öllum bréfum stofnunarinnar hafi það verið ítrekað að ekki hafi verið sýnt fram á að umræddur búnaður næði því markmiði að skila meiri orku en hann tæki til sín, enda standist slíkt ekki þau náttúrulögmál sem þekkt séu í dag. Þess vegna fellur það sem áfrýjandi sækir um einkaleyfi utan þess sem sé einkaleyfishæft. Efni ákvörðunar stofnunarinnar sé svo skýrt að enginn vafi geti leikið á hvers vegna niðurstaðan varð sú sem raun varð á. Því getur það ekki talist verulegur ágalli á stjórnvaldsákvörðuninni að ekki sé vísað í lagaákvæði. Varðandi niðurstöður rannsóknarinnar sem fram fór 19. september 2001 þá tekur stofnunin fram að þar sem sú rannsókn hafi átt sér stað eftir að ákvörðun ELS var tekin þá hafi ákvörðunin ekki byggst á niðurstöðum hennar. Ítrekað er að höfnunin hafi komið í kjölfar þriggja ítarlegra rannsókna á efni umsóknarinnar og að teknu tilliti til athugasemda áfrýjanda. Af þeim sökum tekur stofnunin fram að hún muni ekki taka efnislega afstöðu til niðurstöðu rannsóknarinnar frá 19. september 2001 en vísar í niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar voru við meðferð málsins og liggja fyrir í gögnum málsins og ítrekar fyrri ákvörðun sína um að hafna beri umsókn nr. 4287 á grundvelli 16. gr. ell.

#### *Niðurstaða:*

Deilt er um hvort efni umsóknar áfrýjanda sé einkaleyfishæf uppfinning eða ekki. Umsóknin tekur til rafals sem áfrýjandi heldur fram að framleiði meiri orku en sett er til hans. Einkaleyfastofan hafnaði því að um einkaleyfishæfa uppfinningu væri að ræða og byggði það mat sitt á þremur rannsóknum á efni umsóknarinnar sem fram fór hjá dönsku einkaleyfastofnuninni. Talið var að ekki hefði verið sýnt fram á að búnaðurinn sem umsóknin tæki til skilaði meiri orku en hann tæki til sín, enda bryti sú staðhæfing áfrýjanda gegn þekktum náttúrulögmálum.

Skilyrði 1. gr. ell. fyrir veitingu einkaleyfis er að um uppfinningu sé að ræða sem hagnýta má í atvinnulífi. Til þess að það skilyrði sé uppfyllt þarf uppfinningin að vera tæknilega framkvæmanleg. Ekki verður talið að áfrýjandi hafi sýnt fram á að svo sé um búnað þann sem hann vill fá einkaleyfi á. Telja verður að þegar haldið er fram að uppfinning byggji á byltingarkenndri nýjung sem brýtur gegn þekktum náttúrulögmálum þá verður að sýna fram á framkvæmanleika hennar með óyggjandi hætti. Skjöl þau sem lögð hafa verið fram í málinu, bæði hjá Einkaleyfastofunni og síðar hjá áfrýjunarnefndinni, um niðurstöður japanskra prófunarstofa þykja ekki vera þess eðlis að ótvírætt megi álykta að um framkvæmanlega uppfinningu sé að ræða.

Niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar er því sú að staðfesta beri ákvörðun Einkaleyfastofunnar og hafna umræddri umsókn.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Margrét Sigurðardóttir, lögfræðingur og Sigurður Brynjólfsson, prófessor.

*Ú r s k u r ð a r o r ð:*

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar dags. 11. september 2001 um að hafna veitingu einkaleyfis skv. umsókn nr. 4287 er staðfest.

---

Rán Tryggvadóttir

---

Margrét Sigurðardóttir

---

Sigurður Brynjólfsson